

Alþingi
Erindi nr. P 138/1550
komudagur 7.4.2010

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 30. mars 2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til brt. á lögum um aðför og lögum um gjaldþrotaskipti (447. mál).

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Frumvarpið byggir á skýrslu réttarfarsnefndar þar sem fram kom að með lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. hafi verið stefnt að því að gera reglur um nauðasamninga aðgengilegri og einfaldari með það að markmiði að auka beitingu þessa úrræðis, en að þetta hafi tæplega orðið raunin.

Fyrir kröfuhafa getur skipt miklu máli að ná fram nauðasamningum. Með nauðasamningum er hægt að fá frekari efndir með framtíðartekjum skuldara. Rekstrarstöðvun félags í kjölfar gjaldþrots veldur iðulega mikilli sóun verðmæta sem má að einhverju leyti koma í veg fyrir með skynsamlegum nauðasamningum. Ýmis ákvæði frumvarpsins miða að því að auðvelda þessa framkvæmd. Má þar sérstaklega nefna að lagt er til að áskilnaður um að afla meðmæla frá kröfuhöfum er miðaður við fjárhæðir en ekki höfðatölu. Eins og réttilega er bent á í skýrslu réttarfarsnefndar þá getur verið mikil fyrirhöfn hjá stærri fyrirtækjum að afla meðmæla frá fjórðungi kröfuhafa talið eftir höfðatölu þar sem kröfur eru „margar og jafnvel stór hluti þeirra hjóðar ekki á teljandi fjárhæðir“.


Sú breyting að kröfuhafi geti þegar í kröfulýsingu sinni greitt atkvæði um frumvarp skuldara eins og það liggur fyrir er mjög til bóta. Með því er ekki aðeins komist hjá því að kröfuhafi þurfi að sækja fund eins og segir í skýrslu réttarfarsnefndar heldur er einnig hægt að draga úr þeirri óvissu sem óhjákvæmilegt er að fylgi nauðasamningsferlinu. Með því að draga úr óvissu aukast líkur á því að unnt sé tryggja stöðugleika hjá félaginu gagnvart t.d. birgjum og öðrum viðsemjendum, sem um leið er til þess fallið að viðhalda verðmæti félagsins.

SFF telja þó að þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á 49. gr. laganna, sbr. 12. gr. frumvarpsins, um hvert fylgi frumvarp að nauðasamningi þarf að fá gangi ekki nægjanlega langt. Ekki eru gerðar athugasemdir við það að reglan verði óbreytt um hvaða fylgi frumvarp þurfi að fá eftir kröfufjárhæðum. Hins vegar er lagt til að gengið verði lengra í breytingu eftir höfðatölu en frumvarpið gerir ráð fyrir, þannig að fullnægjandi sé að frumvarpið fái yfir 50% að höfðatölu (frumvarpið segir 60%). Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu gagnast einungis þeim sem eru að bjóða mjög lágt hlutfall krafna. Hún hefur hins vegar engin áhrif á þá sem eru að greiða mjög hátt hlutfall. Ætla má að í slíkum tilvikum geti verið freistandi fyrir litla kröfuhafa að taka sig saman og freista þess að breyta frumvarpinu enn frekar sér í hag, á kostnað þeirra sem eigi ríkari hagsmuna að gæta í krafti þess að þeir eru hugsanlega í lykilstöðu að því er varðar samþykkt frumvarpsins.

Í frumvarpinu segir að tilgangur með breytingunni sé að auðvelda skuldara að fá frumvarp að nauðasamningi samþykkt. Til þess að ná þessu markmiði er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að litlir kröfuhafar sem eiga tiltölulega lítilla hagsmuna að gæta miðað við heildarhagsmunum félagsins eigi kost á því að koma í veg fyrir

nauðasamninga eða breyta skilmálum sér í hag, á kostnað þeirra sem eiga stærstu kröfurnar. Slíka afstaða myndi oftast en ekki helgast af því að þeir telji sig í krafti stöðu sinnar geta haft óeðlileg áhrif á gang mála frekar en að málefnalegar ástæður búi þar að baki.

Virðingarfyllt,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri